

Nd.

914. Breytingartillögur

[279. mál]

við frv. til laga um kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði.

Frá meiri hl. iðnaðarnefndar.

1. Við 2. gr. Aftan við greinina bætist ný málsgrein:
Verði gerðir samstarfssamningar milli ríkissjóðs og annarra hluthafa skal leggja slíka samninga fyrir Alþingi til staðfestingar.
2. Ný grein sem verður 3. gr.:
Í sambandi við hlutafélag samkvæmt 1. gr. er ríkisstjórninni heimilt að leggja fram allt að kr. 25 000 000 í hlutafé í félaginu á árinu 1982 og taka lán í því skyni.
Áður en ráðist verður í framkvæmdir við verksmiðjuna og hlutafé félagsins aukið skal stjórn félagsins gera eftirfarandi:
 - a) Undirbúa frekari hönnun verksmiðjunnar og leita tilboða í byggingu hennar og búnað.
 - b) Gera ítarlega áætlun um stofnkostnað og rekstrarkostnað, svo og nákvæma framkvæmda- og fjármögnunaráætlun, og gera aðrar þær athuganir er máli skipta.
 - c) Undirbúa samninga um orkukaup, tækniaðstoð og sölu afurða verksmiðjunnar eftir því sem þurfa þykir.
Stjórn félagsins skal gera skýrslu um starfsemi félagsins og athuganir og skal sú skýrsla lögð fyrir næsta Alþingi. Samþykki Alþingi niðurstöður skýrslunnar er ríkisstjórninni heimilt að leggja fram allt að kr. 200 000 000 í hlutafé til viðbótar.
Þegar ákvörðun um að leggja fram viðbótarhlutafé hefur verið tekin er ríkisstjórninni heimilt að kveðja aðra aðila til samstarfs skv. 2. gr. laganna.
3. Við 3. gr. sem verður 4. gr.
 - a) Upphaf greinarinnar orðist svo:
Í sambandi við stofnun hlutafélags samkvæmt 1. gr. er ríkisstjórninni enn fremur heimilt:
 - b) 1. töluliður orðist svo:
Að taka lán í því skyni að greiða hlutafjárframlag sitt, sbr. 3. mgr. 3. gr. laganna.
 - c) 7. töluliður orðist svo:
Fjárhæðir í 3. gr. og 5. tölulið þessarar greinar miðist við lánskjaravísitölu 1. mars 1982.
 - d) Aftan við greinina bætist ný málsgrein:
Heimildum ríkissjóðs skv. 1., 2., 4. og 5. tölulið hér að framan verður ekki beitt fyrr en samþykki Alþingis skv. 3. mgr. 3. gr. hefur verið veitt.
4. Við 5. gr. sem verður 6. gr. Aftan við greinina bætist ný setning:
Enn fremur er félagið undanþegið ákvæði 2. mgr. 47. gr. um kjör meiri hluta stjórnar á hluthafafundi.
5. Við 6. gr. sem verður 7. gr. Greinin orðist svo:
Stjórn félagsins skipa 7 menn hið fæsta og 9 menn hið flesta og varamenn þeirra.
Alþingi kýs hlutfallskosningu fulltrúa ríkisins í stjórn félagsins og varamenn þeirra til eins árs í senn. Iðnaðarráðherra tilnefnir formann stjórnar úr hópi þingkjörinna stjórnarmanna.
Í upphafi, er lög þessi hafa verið samþykkt, skal Alþingi kjósa 7 stjórnarmenn og 7 varamenn þeirra. Þegar aðrir hluthafar en ríkissjóður hafa eignast 10% og allt að 20% hlutafjár félagsins skulu þeir kjósa einn stjórnarmann og síðan einn stjórnarmann fyrir hver 10% hlutafjár til viðbótar. Þegar aðrir hluthafar en ríkissjóður hafa eignast þrjá stjórnarmenn fækkar stjórnarmönnum ríkissjóðs um einn í sex, og þegar aðrir hluthafar

hafa eignast fjóra fulltrúa fækkar stjórnarmönnum ríkissjóðs í fimm. Allar breytingar á stjórn félagsins miðast við aðalfund félagsins.

Atkvæði formanns ræður úrslitum máls þegar atkvæði eru á jöfnu á stjórnarfundum.

6. Við 7. gr. sem verður 8. gr.

a) Í 2. mgr. á undan orðunum „1.0% af aðstöðugjaldstofni“ komi orðin: allt að.

b) 3. mgr. orðist svo:

Alþingi skal ákveða skiptingu gjaldsins og ráðstöfun áður en rekstur verksmiðju félagsins hefst.

7. Við 9. gr. sem verður 10. gr. Greinin orðist svo:

Höfnin við Mjóeyri skal vera í eigu hafnarsjóðs Reyðarfjarðarhrepps eða sérstaks hafnarsjóðs, sem stofnað yrði til skv. ákvæðum hafnalaga, og tryggi Reyðarfjarðarhöfn eða nýr hafnarsjóður hlutafélaginu afnot af höfninni með kjörum sem ríkisstjórnin samþykkir.